

53. fundur sveitarstjórnar Fljótshrepps, Végarði 09.04 2017 , kl. 13.30

Mætt voru Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur Kjerúlf, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Gunnar Gunnarsson 1. varamaður. Þorvarður Ingimarsson boðaði forföll.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá

1. Skýrsla oddvita
2. Skoðanakönnun meðal íbúa
3. Ársreikningur Fljótshrepps 2017, fyrri umræða
4. Kaup á landsspildu
5. Húsnæðisáætlun Fljótshrepps, drög
6. Umsókn í Styrkvegasjóð 2018
7. Svæðisskipulag Austurlands, verkefnislýsing
8. Tilnefning Vatnajökul .spjóðgarðs á heimsminjaskrá UNESCO, ósk um undirritun/stuðning sveitarfélaga
9. Breyting á Aðalskipulagi Fljótshrepps v. fyrirhugaðrar Kröflulínu 3, skipulagslýsing drög
10. Bréf
 - a) Sýslumaðurinn á Seyðisfirði dags. 12.03 2018
 - b) Lögmannsstofan LEX dags. 05.03 2018
 - c) Ferðamálastofa dags 26.03 2018
 - d) Ferðamálastofa dags. 26.03 2018
 - e) Ferðamálastofa dags. 09.04 2018
11. Fjárbeiðnir
 - a) Minjasafn Austurlands dags.02.03 2018
 - b) Héraðsskjalasafn Austfirðinga dags. 05.03 2018
12. Umhverfisstyrkir

Bjarki Már Jónsson, Víðivöllum ytri 1
13. Fundargerðir
 - a) HAUST 19.03 2018

- b) Byggingar-og skipulagsnefnd 16.03 2018
- c) Samgöngunefnd SSA 22.02 2018
- d) Ársalir, stjórnarfundur 08.03 2018
- e) Ársalir, aðalfundur 08.03 2018
- f) Brunavarnir á Héraði 08.03 2018, m.f ársreikningur 2017
- g) Minjasafn Austurlands 20.02 2018

14. Önnur mál

1. Skýrsla oddvita

Oddviti , Anna Jóna og Lárus mættu á kynningarfund um heimsminjatilnefningu Vatnajökulsþjóðgarðs á Egilsstöðum, 15. mars.

Oddviti sat fund sveitarfélaga á Austurlandi og Samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á Egilsstöðum 8. mars, fjallað var um ýmis mál er varða samgöngur og samgönguáætlun.

Unnið var að gerð húsnæðisáætlunar Fljótsdalshrepps dagana 20-22 mars og liggja drög að áætlun fyrir.

Oddviti sat fund með ferðaþjónustuaðilum í Fljótsdal í Végarði 27. mars. Fundurinn var hluti af vinnu nemanda við Háskólann á Hólum, sem boðaði til fundarins og til þess ætlaður að fara yfir tengingar ferðaþjónustuaðila við Hengifossvæðið.

Vegagerðin fyrirhugar að víkka vegrás við Illhöfða á næstunni og í undirbúningi eru framkvæmdir við endurbyggingu vegar frá Arnheiðarstöðum að Teigabóli.

HAUST hefur bent sveitarfélögum á að yfirfara sorpsamþykktir með tilliti til nýrra laga um meðferð úrgangs.

2. Skoðanakönnun meðal íbúa

Mjög góð þátttaka íbúa í Fljótsdal eða 77%. Lítil áhugi var á sameiningu og 67 % vilja enga sameiningu. 50 % íbúa vilja leggja áherslu á aukið samstarf. Niðurstöður skoðanakönnunar verða birtar á heimasíðu sveitarfélagsins , íbúum til kynningar.

3. Ársreikningur Fljótsdalshrepps 2017, fyrri umræða

Ársreikningur kynntur og vísað til annarar umræðu.

4. Kaup á landsspildu

Kirkjuráð kom með gagntilboð gagnvart tilboði Fljótsdalshrepps á kaupum á landsspildu úr landi Valþjófsstaðar upp á 4.500.000 kr. Samþykkt að taka tilboðinu og oddvita og lögmanni sveitarfélagsins falið að ganga frá kaupunum.

5. Húsnæðisáætlun Fljótsdalshrepps, drög

Oddviti kynnt drög að húsnæðisáætlun fyrir Fljótsdalshrepp. Áætlunin verður til afgreiðslu sveitarstjórnar á næsta fundi.

6. Umsókn í Styrkvegasjóð 2018

Ákveðið að sækja um styrk til lagfæringa á veginum inn í Glúmstaðasel.

7. Svæðisskipulag Austurlands, verkefnislýsing

Skipulags og byggingarnefnd hefur fjallað um lýsinguna og gerir ekki við hana athugasemdir. Sveitarstjórn samþykkir fyrir hönd Fljótsdalshrepps lýsinguna eins og hún liggur fyrir, og að hún fari í umsagnar og kynningarferil feril skipulagslaga nr. 123/2010.

8. Tilnefning Vatnajökulsþjóðgarðs á heimsminjaskrá UNESCO, ósk um undirritun/stuðning sveitarfélag

Samþykkt að oddviti riti undir fyrir hönd Fljótsdalshrepps.

9. Breyting á Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps v. fyrirhugaðrar Kröflulínu 3, skipulagslýsing drög

Byggingar og skipulagsnefnd hefur fjallað um breytingarnar og bendir á að lítið sé af nothæfu efni á námusvæði E-29. Búið er að leiðrétta á hvaða landareignum viðkomandi námur eru og tímasetningar eru færðar til, þar sem verkefninu er heldur að seinka. Skipulagslýsingin er samþykkt svo breytt og verður send Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum og kynnt almenningi.

10. Bréf

a) Sýslumaðurinn á Seyðisfirði dags. 12.03 2018.

Ósk um að færa ógreidd opinber gjöld (útsvar) á afskriftarreikning þar sem krafan sé fyrnd. Kr 12.631. Samþykkt.

b) Lögmansstofan LEX dags. 05.03 2018

Varðar málarekstur 5 sveitarfélaga þ.a.m. Fljótsdalshrepps, gegn Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Kynnt.

c) Ferðamálastofa dags 26.03 2018

Tilkynning um úthlutun styrks vegna frágangs á göngustíg við Hengifossá. Kr 4.039.000. Kynnt.

d) Ferðamálastofa dags. 26.03 2018

Tilkynning um úthlutun styrks vegna fullnaðarhönnunar á aðstöðuhúsi og nánasta umhverfi þess. Kr 10.996.000. Kynnt.

Oddviti óskar eftir að taka nýtt bréf frá Ferðamálastofu til umfjöllunar. Samþykkt

e) Ferðamálastofa dags. 09.04 2018

Tilkynning um að umsókn sveitarfélagsins vegna fyrsta áfanga byggingarframkvæmda þjónustuhúss við Hengifoss væri hafnað. Kynnt.

Varðandi Hengifossvæðið, þá ákvað sveitarstjórn að seinkað verði um eitt ár að taka ákvörðun um hvort svæðið verði á Landsáætlun. 10 millj. kr. styrkur (2018-2020) úr sjóði Landsáætlunar kemur því ekki til útgreiðslu nú, en ekki er almennt gert ráð fyrir að ferðamannastaðir geti notið fjármögnunar á sama ári úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða og Landsáætlun. Þegar vinna við fullnaðarhönnun þjónustuhússins fer af stað verði það hannað í fullri stærð (135 m²) , en með möguleika á að byggja í 2 áföngum. Fyrir liggur frumkostnaðaráætlun á byggingu hússins, unnin að verkfræðistofunni Eflu. Sveitarstjórn fagnar þeim styrkjum sem Framkvæmdarsjóðurinn hefur úthlutað á árinu 2018 til ferðamannastaða í sveitarfélaginu .

11. Fjárbeiðnir

- a) Minjasafn Austurlands dags.02.03 2018

Beiðni vegna viðbótarframlags vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð. Kr. 70.933. Samþykkt.

- b) Héraðsskjalasafn Austfirðinga dags. 05.03 2018

Beiðni vegna viðbótarframlags vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð. Kr. 32.778. Samþykkt.

12. Umhverfisstyrkir

Bjarki Már Jónsson, Víðivöllum ytri 1. Samþykktur hámarksstyrkur.

13. Fundargerðir

- a) HAUST 19.03 2018. Kynnt.

- b) Byggingar-og skipulagsnefnd 16.03 2018. Staðfest.

- c) Samgöngunefnd SSA 22.02 2018. M.a. var á fundinum fjallað um hálendisveg. Kynnt

- d) Ársalir, stjórnarfundur 08.03 2018. Kynnt

- e) Ársalir, aðalfundur 08.03 2018.Kynnt

Gunnar Gunnarsson yfirgefur fundinn 18:25

- f) Brunavarnir á Héraði 08.03 2018, m.f ársreikningur 2017. Kynnt

- g) Minjasafn Austurlands 20.02 2018Kynnt

14. Önnur mál

- a) Áður en Gunnar yfirgaf sveitarstjórnarfundinn óskaði hann eftir að aðferðarfræði verkefnisins Brothættar byggðir verði skoðuð, með það í huga að sambærilegu verkefni verði komið á í Fljótsdal, þrátt fyrir að Byggðastofnun hafi hafnað aðkomu.

- b)** Fjallað um afrit af bréf frá fjallskilastjóra til MAST um smalamennskur í Fljótsdal veturinn 2017/2018. M.a. kemur þar fram að fjallskilastjóri telur þörf á að skýra hvenær mál falli undir MAST, á grundvelli laga um dýravelferð. Anna Jóna óskar eftir að þegar kostnaður sveitarfélagsins vegna vetrarsmalamennsku liggur fyrir, verði hann tekinn saman og kynntur sveitarstjórn.
- c)** Oddviti i óskar eftir að flytja ótekna orlofsdaga yfir á nýtt orlofstímabil. Samþykkt.
- d)** Íbúaskrá 01.12 2017 lögð fram til kynningar. Íbúar alls 76.
- e)** Rætt um að maí fundur sveitarstjórnar verði færður fram í apríl vegna sauðburðaranna hjá sveitastjórnarmönnum í maí.

Fundi slitið klukkan 18:51. Lárus ritaði fundargerð í tölvu

Gunnþórunn Ingólfsdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)